



Sjálfbærnistefna Iðnafls

IÐNAFL | Iднаfl.is

Síðast uppfært: febrúar 2025

Efnisyfirlit

1	<i>Inngangur</i>	2
2	<i>Markmið stefnu</i>	2
3	<i>Gildi, reglur og markmið lönafls</i>	2
3.1	Gildi lönafls	3
3.2	Meginreglur lönafls	3
3.3	Meginmarkmið lönafls	3
4	<i>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna</i>	4
4.1	Heimsmarkmið 7	4
4.2	Heimsmarkmið 9	4
4.3	Heimsmarkmið 11	4
4.4	Heimsmarkmið 12	5
5	<i>ISO Staðlar</i>	5
5.1	ISO 9001	5
5.2	ISO 45001	5
5.3	ISO 26000	5

1 Inngangur

Iðnafl (h.e. Iðnafl eða fyrirtækið) er leiðandi fyrirtæki í sölu, lagningu og viðhaldi á gervigrasi á Íslandi sem og epoxy lagningu. Fyrirtækið er einnig leiðandi í lýsingarkerfum fyrir íþróttamannvirki, en kerfin okkar henta einnig í stærri iðnað. Vökvunarkerfi, skiptatjaldabúnaður, staðsteyptar hlaupabrautir og leiksvæði eru einnig á sviði félagsins. Mannauður Iðnafls býr yfir einstakri reynslu og kunnáttu þegar kemur að íþróttamannvirkjum og epoxy lagningu á Íslandi.

Tilgangur sjálfbærnistefnu Iðnafls er að lýsa megináherslum varðandi sjálfbærni og hvernig fyrirtækið tileinkar sér þær áherslur í starfseminni sinni. Stefnunni er ekki ætlað að vera tæmandi og er hún studd af öðrum stefnum, reglum og leiðbeiningum fyrirtækisins.

Með sjálfbærni er átt við að uppfylla þarfir núverandi kynslóða án þess að skerða þarfir komandi kynslóða og stuðla að á sama tíma jafnvægi milli hagvaxtar, umhverfis, félagslegrar velferðar og ábyrgra stjórnarháttar. Til að fylgja eftir stefnu fyrirtækisins horfir Iðnafl til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar (UFS) í innri starfsemi.

2 Markmið stefnu

Markmið stefnunnar er að skilgreina áherslur í sjálfbærni og lýsa því hvernig Iðnafl hyggst tileinka sér þær áherslur í starfsemi sinni. Með stefnunni er stutt við áherslur Iðnafls með því að lýsa því hvernig fyrirtækið ætlar að takast á við þær breytingar samtímans sem sjálfbærnihugsun krefst. Markmið Iðnafls er að rekstur verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi útfrá alþjólegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti. Stefnan er skuldbinding Iðnafls um að sýna umhverfinu, auðlindum og samfélagi virðingu.

3 Gildi, reglur og markmið Iðnafls

Gildi, reglur og markmið Iðnafls byggja á sjálfbærni, nýsköpun og samfélagslegri ábyrgð. Þau eru til hliðsjónar í öllum aðgerðum fyrirtækisins og tryggja að verkefni séu framkvæmd með hag bæði náttúru og samfélagsins að leiðarljósi, en skýr markmið og reglur tryggja að Iðnafl sé árangursríkt í rekstri sínum.

3.1 Gildi lðnafls

Kjarnagildi lðnafls eru grundvallarmál sem skapa traust og því viljum við vera;

- Ábyrg
- Heiðarleg
- Hreinskilin
- Fagleg
- Vandvirk
- Langtímaþenkjandi

3.2 Meginreglur lðnafls

Stjórnendur, yfirmenn og starfsfólk lðnafls skulu ávallt fylgja ákveðnum meginreglum sem eru:

- Starfa eftir kjarnagildum fyrirtækisins
- Benda fólki á það sem vel er gert svo það læri að meta gæði eða notagildi
- Hlýða lögum ásamt faglegum viðmiðum um áreiðanleika, aðgengileika og notagildi
- Veita reglubundna og rétta starfsþjálfun og framúrskarandi og örugga starfsaðstöðu
- Vinna með og þróa gæðustjórnunarkerfi fyrirtækisins í þeim tilgangi að auka gæði og notagildi þjónustu lðnafls með stöðugleika í samskiptum við hagaðila að markmiði

3.3 Meginmarkmið lðnafls

Meginmarkmið lðnafls eru:

- Að lðnafl haldi áfram að vera í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi
- Að lðnafl verði meðal framsæknustu fyrirtækja á Íslandi í gæðastjórnunarmálum
- Að lðnafl verði meðal framsæknustu fyrirtækja á Íslandi í sjálfbærnimálum

4 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Iðnafl leggur áherslu á fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sinni:

- Markmið 7, um sjálfbæra orku
- Markmið 9, um nýsköpun og uppbyggingu
- Markmið 11, um sjálfbærar borgir og samfélög
- Markmið 12, um ábyrga neyslu og framleiðslu



4.1 Heimsmarkmið 7

Ábyrg nýting endurnýjanlegra auðlinda er undirstaða árangurs Iðnafls til lengri tíma. Með því að nýta endurnýjanlega orku og bæta orkunýtni í verkefnum stefnir Iðnafl að því að hækka hlut endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun.

Iðnafl byggir ákvarðanir sínar um verkefni með hliðsjón af markmiðum fyrirtækisins um sjálfbæra og hagkvæma nýtingu auðlinda

4.2 Heimsmarkmið 9

Þróaðir verða traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, með því að nýta tækninýjungar, þróa sjálfbærar lausnir í innviðum og skapa græna framtíð.

Iðnafl leitar allra leiða til að útrýma sóun í starfseminni, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafn aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

4.3 Heimsmarkmið 11

Iðnafl getur stutt við Heimsmarkmið 11 með því að skapa sjálfbær íþróttamannvirki sem stuðla að betri borgum og samfélögum. Gervigrasvellir sem nota minni vatns- og orkuauðlindir stuðla að sjálfbærni í borgum, auk þess sem fjölnota mannvirki með aðgang fyrir alla stuðla að félagslegri samheldni. Iðnafl mun leggja sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærri, ábyrgari og grænni borga.

4.4 Heimsmarkmið 12

Iðnafl leitar allra leiða til að útrýma sóun í starfseminni, með því að tryggja ábyrgð í framleiðslu og neyslu. Iðnafl nýtir endurvinnanleg efni í gervigrasi og þróar lausnir sem draga úr úrgangi og auðlindanotkun, með þessu stuðlar fyrirtækið að minni umhverfisáhrifum. Iðnafl stefnir á að innleiða hringrásarkerfi í starfsemi sinni, þar sem afgangsefni eru endurnýtt og sóun er lágmarkuð, til þess að auka sjálfbærni í starfsemi.

5 ISO Staðlar

ISO staðlar eru alþjóðleg viðmið sem tryggja gæði, öryggi og skilvirkni í rekstri fyrirtækja. Með því að fylgja ISO stöðlum, tryggir Iðnafl að starfsemi sé byggð á skilvirkni og stöðugum umbótum.

5.1 ISO 9001

Iðnafl fylgir ISO 9001 staðlinum, sem tryggir að fyrirtækið viðheldur háum gæðastöðlum í öllum ferlum sínum. Með því að fylgja ISO 9001, leggur Iðnafl áherslu á stöðugar umbætur, skilvirkni og ánægju viðskiptavina. Staðallinn tryggir einnig að ferlar séu vel skipulagðir og skilvirkir, sem eykur gæði, þjónustu og traust meðal viðskiptavina.

5.2 ISO 45001

Iðnafl fylgir ISO 45001 staðlinum til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna í öllum verkefnum. ISO 45001 er alþjóðlegur staðall sem leggur áherslu á öryggisstjórnunarkerfi sem dregur úr hættum á vinnustöðum, bætir vinnuaðstæður og stuðlar að öruggri og heilsusamlegri vinnumenningu.

5.3 ISO 26000

Iðnafl fylgir ISO 26000 staðlinum til að tryggja ábyrgð í samfélagsmálum og að öll viðskipti og starfsemi fylgi siðferðislegum gildum. Staðallinn leggur áherslu á átta lykilflokka: stjórnunarhætti, mannréttindi, vinnumhverfi, umhverfi, sanngjarna viðskiptahætti, neytendamál, samfélagslega þátttöku og þróun. Með því að fylgja ISO 26000 tryggir Iðnafl að stjórnunarhættir séu ábyrgir, mannréttindi séu virt, vinnumhverfi sé öruggt, umhverfismálum sé sinnt, viðskiptahættir séu heiðarlegir og sanngjarnir og að fyrirtækið taki virkan þátt í að styðja við þróun samfélagsins. Þetta styrkir traust viðskiptavina og samfélagsins við Iðnafl.